

Kóðaleit – forgangsheiti í Sögu 3.1.38

Flýtilistar, sjúklingakort og starfsmannakort styðja nú leit í forgangsheitum. Þ.e.a.s. ef ákveðið orðalag á kóða er skilgreint sem forgangsheiti, þá finnst það við leit í flýtilistum, sjúklingakorti og starfsmannakorti sem og að sjálfsgöðu í kóðaleitinni sjálfri.

Stöðumerking forgangsheita hefur þá forgang umfram það sem kóðaleitartaflan sjálf gefur til kynna, þannig að ef forgangsheiti er skilgreint í forgangsheitatöflu þá er það staðan þar sem gildir (hægt er að merkja kóða virka eða óvirka í þeirri töflu) en ekki staðan í kóðaleitartöflunni, sama hver staða heitisins er í henni.

ATH. Í Sögu 3.1.38 hafa bæst við (var áður bara ICD-10) úrlausnarkóðarnir: EGILL, LOINC, NCSP, SIGGI og STARRI. Þau hlutverk sem mega velja úr forgangsheitalistum eru skilgreind með stilligildi 48, út frá skráðum auðkennum notendahlutverka samsvarandi því sem skráð er í Kerfisumsjón.

Með kveðju,
TMS - Heilbrigðislausnir